

Sjálfsmatsskýrsla Seyðisfjarðarskóla

2024-2025



SEYÐISFJARÐARSKÓLI



- Í hverju barni býr fjársjóður -

Í þessari skýrslu er farið yfir hvernig sjálfsmati var háttað í Seyðisfjarðarskóla skólaárið 2024-2025. Hér er lagður grunnur að virku umbótastarfi í skólanum þar sem fjallað er um skólaþróun og breytingar með skipulegum hætti með það að markmiði að efla skólastarfið með hagsmuni skólasamfélagsins að leiðarljósi. Í matinu koma fram veikar og sterkar hliðar skólastarfsins. Það sem vel er gert í skólastarfinu er dregið fram svo festa megir það í sessi en jafnframt er vakin athygli á því sem betur má fara svo hægt sé að bæta úr því.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, foreldra og nemenda.
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
- Auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum, efla fagmennsku, starfs- og skólaþróun, ásamt því að styrkja skólann sem lærdómssamfélag.
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Niðurstöður úr innra mati eru birtar að hausti og leiðir til úrbóta. Skólapúlsinn er tvisvar á ári lagður fyrir nemendur en annað hvert ár fyrir starfsfólk og foreldra. Innra mat skólans er á ábyrgð skólastjórnenda og á að vera lýðræðisleg leið til að meðlimir skólasamfélagsins geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri til að stuðla að auknum gæðum í skólastarfinu.

Skólapúlsinn er rafræn könnun sem veitir stjórnendum aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er um þætti sem snúa að líðan nemenda og um skóla- og bekkjaranda. Staða nemenda í 6. - 10. bekk er borin saman við fyrri mælingar í skólanum en einnig við landsmeðaltal. Það gefur vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda miðað við nemendur á landinu öllu.

Seyðisfjarðarskóli

Haustið 2016 hófst skólastarf í sameinuðum þriggja deilda skóla undir nafninu Seyðisfjarðarskóli og skiptist hann í grunnskóladeild, leikskóladeild og listadeild. Að auki er skipulögð stoðdeild.

Yfirskrift skólastarfsins er að í hverjum nemenda búi fjársjóður. Hlutverk skólans er að þroska þann sjóð, mennta ábyrga, hæfa og skapandi einstaklinga í samvinnu við heimilin og nánú samstarfi deildanna, í samræmi við aðalnámskrá leik-og grunnskóla, lög og

reglugerðir. Í skólastefnu kemur fram að leiðarljós starfsins sé góð samvinna, lýðræði og jafnrétti og jafnframt að sköpunarkraftur, sjálfbærni, fjölbreytileiki og gagnrýnin hugsun einkenni skólastarf í öllum deildum. Þá byggir stefnan á viðmiði um að starf í öllum deildum skólans sé umbótamiðað. Sú hugsun nær til starfa nemenda og starfsmanna og varðar einnig aðstöðu okkar. Því er brýnt að starfsfólk fái kynningu á þessari áætlun, lesi sér til um hana og komi að úrbótunum. Þá er einnig mjög brýnt að allt starfsfólk fari að þeim tillögum sem koma fram og eins að sveitastjórn styðji við tillögurnar sem koma fram í gátlistum.

Nemendur

Í þessum kafla er sjónum beint að líðan nemenda, samskiptum og skólabrag. Gögn sem nýtt eru til greiningar á stöðunni og þeim atriðum sem ákveðið er að komi til úrbóta skv. gátlista úr Skólapúlsi. Upplýsingar frá starfsmannafundum og samtöl stjórnenda við starfsfólk og foreldra á tímabilinu er einnig haft til hliðsjónar. Tillögur að úrbótum grundvallast einnig á umræðu í skólaráði, í nemendaráði og frá rýnifundum kennara og stjórnenda þar sem líðan nemenda og kennsluhættir hafa verið til umfjöllunar. Samantektina unnu skólastjórnendur en ákvarðanir um úrbætur voru teknar m.a. á fundum stjórnenda annarsvegar og stjórnenda og kennara hins vegar.

Styrkleikar:

- Tíðni eineltis hefur farið niður.
- Nemendur upplifa meiri stjórn á eigin lífi.
- Vellíðan; nemendum virðist almennt líða vel í skólanum.
- Mataráskrift og ánægja með mat. Ánægja með matinn batnaði milli kannana sem sýnir jákvæða þróun.
- Nemendur hafa ánægju af náttúrufræði.
- Nemendur upplifa góðan aga í kennslustundum.

Tækifæri til umbóta

- Nemendur hafa ekki nægilega trú á eigin vinnubrögðum í námi.
- Nemendur sýna ekki nægilega þrautseigju í námi.
- Nemendur hafa ekki nægilega trú á eigin námsgetu.
- Nemendur upplifa að þeir séu ekki nægilega virkir þátttakendur í kennslustundum.

Fyrirhugaðar úrbætur fyrir skólaárið 2025-2026 og reglulegt mat á stöðu mála.

Nemendur				
Hvað skal gera	Upphaf	Ábyrgð	Lok	Staða, endurmat, eftirfylgni
Efla þarf ennfrekar lýðræðislega þátttöku nemenda í skólastarfinu.	Haust 2025	Stjórnendur Kennarar	Vor 2026	Staðan verður metin vorið 2026 eftir niðurstöður Skólapúlsins og áframhaldandi vinna ef þarf.
Rýna kennsluhætti með tilliti til nemendabátttöku.	Haust 2025	Stjórnendur Kennarar	Vor 2026	Markvisst unnið með kennarahópnum í að rýna kennsluhætti í tengslum við SÆG þróunarverkefnið.
Efla nemendalýðræði með því að styrkja nemendaráð og þróa bekkjarfundi.	Haust 2025	Stjórnendur Kennarar	Vor 2026	Staðan verður metin vorið 2026 eftir niðurstöður Skólapúlsins og áframhaldandi vinna ef þarf.
Skapa öruggt námsumhverfi þar sem mistök eru hluti af námsferlinu.	Haust 2025	Stjórnendur Kennarar	Vor 2026	Staðan verður metin vorið 2026 eftir niðurstöður Skólapúlsins og áframhaldandi vinna ef þarf.
Veita reglulega og uppbyggilega endurgjöf til nemenda, til dæmis með leiðsagnarmati.	Haust 2025	Stjórnendur Kennarar	Vor 2026	Staðan verður metin vorið 2026 eftir niðurstöður Skólapúlsins og áframhaldandi vinna ef þarf.

Starfsfólk

Í þessum kafla er sjónum beint að starfinu, starfsumhverfi og stjórnun. Gögn sem nýtt eru til greiningar á stöðunni og þeim atriðum sem ákveðið er að komi til úrbóta skv. gátlista úr Skólapúlsi. Upplýsingar frá starfsmannafundum og samtöl stjórnenda við starfsfólk á tímabilinu, þ.á.m. starfsmannaviðtöl eru einnig hafðar til hliðsjónar. Tillögur að úrbótum grundvallast einnig á umræðu í skólaráði og frá rýnifundum kennara og stjórnenda þar sem líðan og starfsandi hafa verið til umfjöllunar. Samantektina unnu skólastjórnendur en ákvarðanir um úrbætur voru teknar m.a. á fundum stjórnenda annarsvegar og stjórnenda og kennara hins vegar.

Styrkleikar:

- Starfsfólk metur starfsanda á vinnustaðnum góðan.
- Starfsfólk upplifir góðan stuðning frá samstarfsfólki og stjórnendum.
- Starfsfólk upplifir góða samvinnu.

Tækifæri til umbóta:

- Starfsfólk lýsir óánægju með vinnuaðstöðu.
- Starfsfólk upplifir sig ekki nógu leikið í starfi.
- Starfsfólk upplifir ekki nægilega trú á eigin getu.
- Stuðningur við kennara varðandi nemendur með námserfiðleika.

Fyrirhugaðar úrbætur fyrir skólaárið 2025-2026 og reglulegt mat á stöðu mála.

Starfsfólk				
Hvað skal gera	Upphaf	Ábyrgð	Lok	Staða, endurmat, eftirfylgni
Markviss endurgjöf og stuðningur til kennara.	Haust 2025	Stjórnendur	Vor 2026	Meðal annars með innliti í kennslustundir, myndbandsupptökum og fleiru.
Para kennara við námsfélaga til að rýna eigin starf.	Haust 2025	Stjórnendur	Vor 2026	Árangur metinn vorið 2027 með starfsmannakönnun Skólapúlsins og starfsmannaviðtölum.
Þátttaka í þróunarverkefninu SÆG.	Haust 2025	Stjórnendur Kennarar	Vor 2026	Árangur metinn vorið 2027 með starfsmannakönnun Skólapúlsins og starfsmannaviðtölum.
Styðja starfsfólk í að þær bjargir og úrræði sem til staðar eru til að styðja nemendur með námsörðugleika séu nýttar.	Haust 2025	Stjórnendur	Vor 2027	Árangur metinn vorið 2027 með starfsmannakönnun Skólapúlsins.

Lokaorð

Skólastarf er umfangsmikið starf sem tekur sífelldum breytingum í takti við breytingar á samfélaginu hverju sinni og er hvoru tveggja í sífelldri þróun.

Innra matið gefur góða mynd af stöðu grunnskólans og þeirri þróun sem hefur átt sér stað á undanförunum misserum. Niðurstöðurnar sýna að margt gengur vel í skólastarfinu og að nemendur upplifa almennt góða líðan í skólanum. Tíðni eineltis hefur farið minnkandi og

nemendur lýsa meiri stjórn á eigin lífi, sem er jákvæð þróun. Þá kemur fram ánægja með matarskipulag og gæði skólamáltíða, sem hefur aukist á milli kannana. Sérstaklega ánægjulegt er að sjá áhuga og ánægju nemenda með náttúrufræði og að þeir upplifi góðan aga og vinnufrið í kennslustundum.

Á sama tíma benda niðurstöðurnar til ákveðinna tækifæra til umbóta sem mikilvægt er að vinna áfram með. Þar ber helst að nefna að efla þarf trú nemenda á eigin getu og vinnubrögðum í námi, auk þess að styrkja þrautseigju og námslega sjálfstjórn. Einnig þarf að skoða leiðir til að auka virkni nemenda í kennslustundum þannig að nemendur upplifi sig sem virka þátttakendur í eigin námi.

Starfsmannakannanir og starfsmannaviðtöl staðfesta að í skólanum ríkir góður starfsandi og samheldni, þar sem kennarar og annað starfsfólk styðja hvert annað og vinna saman að sameiginlegum markmiðum. Slíkur grunnur er dýrmætur og endurspeglar styrk skólans sem lærdómssamfélags.

Niðurstöðurnar sýna þó jafnframt tækifæri til að vaxa og þróast enn frekar. Með því að efla starfsfólk í að nýta hæfileika sína og treysta faglegan stuðning við kennara sem vinna með nemendum með námserfiðleika, má styrkja skólastarfið í heild.

Heildarniðurstöður innra matsins gefa því tilefni til bjartsýni og staðfesta að skólastarfið byggir á sterkum grunni. Með því að byggja áfram á þeim jákvæðu þáttum sem þegar eru til staðar og vinna markvisst að þeim umbótasviðum sem hafa komið fram, getur grunnskólinn haldið áfram að efla faglegt starf, vellíðan nemenda og gæði námsins í heild.

Með samstilltu átaki getur grunnskólinn haldið áfram að byggja upp jákvætt, faglegt og nærandi námsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk.

Langtímaáæltun um innra mat

Stjórnun og skipulag	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir og verklagsreglur.	x	x	x	x
Stjórnun	x	x	x	x
Faglegur stuðningur	x	x	x	x
Samstarf heimilis og skóla		x		x
Skimanir	x	x	x	x

Nám og kennsla	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Skipulag náms og kennslu	x	x	x	x
Kennsluhættir og gæði kennslu	x	x	x	x
Námsmat	x	x	x	x
Ábyrgð nemenda	x	x	x	x
Líðan og heilsa	x	x	x	x
Virkni nemenda	x	x	x	x
Lýðræði, vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda	x	x	x	x

Starfsfólk	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Faglegt samstarf, samræður og fag- og árgangafundir	x	x	x	x
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður	x	x	x	x

Vinnuumhverfi	2023-2024	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Endurskoðun áætlana.	x	x	x	x

